

## 5. gr.

Heimilt er gjaldanda að sækja um lækkun á þeirri fjárhæð þinggjalda sem honum hefur verið gert að greiða fram að álagningu 1993, ef sýnt þykir fram á að fyrirframgreiðsla samkvæmt 3. gr. muni gefa alranga mynd af væntanlegri álagningu tekju- og eignarskatts vegna rekstrarársins 1992.

Umsókn um slíka lækkun skal senda skattstjóra er úrskurðar um lækkun greiðsluskyldunnar.

Skattstjóri skal tilkynna gjaldanda ákvörðun sína og ef fallist er á umsókn gjaldanda um lækkun skal niðurstaðan einnig tilkynnt innheimtuaðila.

## 6. gr.

Ákvæði laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, að því er varðar vanskil, viðurlög vegna vanskila, könnun á skilum, ákvörðun skila vegna vanrækslu eða vanskila á greinargerð, greiðsluskrár, kærufresti, úrskurði á kærum og áfrýjun þeirra, skulu gilda um fyrirframgreiðslu samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar, eftir því sem við getur átt.

## 7. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt heimild í 10. gr. laga nr. 48/1992, um breyting á lögum nr. 65/1982, um skattskyldu innlánsstofnana, með síðari breytingum öðlast þegar gildi.

*Fjármálaráðuneytið, 10. júní 1992.*

F. h. r.

**Indriði H. Þorláksson.**

*Áslaug Guðjónsdóttir.*

**REGLUGERÐ**

**um breyting á reglugerð nr. 261/1991 um tollverð notaðra ökutækja.**

## 1. gr.

Við 3. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar bætist svohljóðandi setning: Þó skal heimilt ef dagsetning fyrstu skráningar ökutækis erlendis kemur ekki fram í skráningarskírteini þess og ekki er unnt að fá opinbera staðfestingu á fyrsta skráningardegi, að telja upphaf fyrningar frá 1. júlí þess árs sem er af framleiðanda yfirlýst árgerðarár.

## 2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 12. gr. tollalaga nr. 55/1987 sbr. 5. gr. laga nr. 96/1987 um breyting á þeim lögum til að öðlast gildi þegar í stað.

*Fjármálaráðuneytið, 10. júní 1992.*

F. h. r.

**Indriði H. Þorláksson.**

*Rúna S. Geirsdóttir.*